

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 331/2022 um inntökuskilyrði
í grunnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. reglnanna:

a. 2. mgr. hljóðar svo í heild sinni:

Nauðsynlegur undirbúningur fyrir nám í eðlisfræði, efnafræði og verkfræðilegri eðlisfræði: 30 einingar í stærðfræði og 40 einingar í náttúrufræðigreinum. Þar af skulu vera minnst 10 einingar í eðlisfræði, 10 einingar í efnafræði og 10 einingar í líffræði.

b. Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Nauðsynlegur undirbúningur fyrir nám í hagnýtri stærðfræði, stærðfræði, stærðfræði og stærðfræðimenntun: 30 einingar í stærðfræði og 30 einingar í náttúrufræðigreinum, þar af minnst 10 einingar í eðlisfræði.

c. Núverandi 3. mgr. verður 4. mgr., núverandi 5. mgr. verður 6. mgr. o.s.frv.

2. gr.

Reglur þessar sem rektor hefur samþykkt fyrir hönd háskólaráðs, á grundvelli tillögu viðkomandi fræðasviðs, sbr. 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 3. júní 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.